

Stjórninni gefin vika til að boða til kosninga

Þessa ræðu flutti Katrín Oddsdóttir á mótmælunum á Austurvelli laugardaginn 22. nóvember 2008.

Góðir Íslendingar!

„Við látum ekki kúga okkur ...“ sagði Geir Haarde forsætisráðherra Íslands fyrir um tveimur vikum síðan. Örfáum dögum síðar handsalaði hann samning sem gerði okkur að einni skuldsettustu þjóð í heimi.

Geir og Ingibjörg sögðu bláeygð frá því að þau hefðu neyðst til að skrifa upp á þetta risavaxna lán, sem mun sliga komandi kynslóðir, vegna þess að Evrópusambandið sagði þeim að gera það. Ennfremur sögðu þau að þau gætu ekki farið með málið fyrir dómstóla því Evrópusambandið vildi ekki leyfa það!

Ef Geir hefði viljað vera nákvæmur hefði hann frekar getað sagt: „Við látum ekki kúga okkur... EN, það er hins vegar góður möguleiki á því að við látum kúga YKKUR íslensku þjóðina!”

Staðreyndin er sú að þegar Geir og Ingibjörg skrifuðu hlýðin undir samninginn sem kvað á um að 300.000 manns ættu að greiða skuldir 30 karla þá brutu þau mannréttindi okkar Íslendinga illilega. Við eigum okkur nefnilega rétt samkvæmt Stjórnarskrá Íslands og Mannréttindasáttmála Evrópu til að leita til hlutlausra dómstóla. Sá réttur hefur verið tekinn af okkur!

Nú er okkur gert að borga skuldir sem við almenningur stofnuðum ekki til og stjórnvöld hafa í þokkabót svipt okkur þeim möguleika að fara með málið fyrir dómstóla!

Við fengum ekki tækifæri og munum aldrei fá tækifæri til að láta reyna á okkar hliðar á þessu máli einfaldlega vegna þess að Geir reyndist í raun tilbúinn til þess að láta kúga sig.

En Geir, þótt sért tilbúinn til að láta kúga þig þá þýðir það ekki að við Íslendingar látum kúga okkur!

Þess vegna erum við hér í dag!

Rétturinn til að leita til dómstóla er ekki einu mannréttindin sem við höfum verið svipt nýlega, góðu Íslendingar. Nei, þar leynist miklu meira.

Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands er æðstu lög í landinu.

Mörg þeirra grunnréttinda sem stjórnarskráin geymir hafa verið hunsuð og brotin af ríkisstjórninni frá því að fjármálakreppan hófst.

- Eignaréttur er brotinn gagnvart þeim sem tapa þriðjung sparifés síns af reikningum sem sagðir voru tryggir.

- Tjáningafrelsi er ógnað þegar dómismálaráðherra ávítar blaðakonu fyrir að gagnrýna valdstjórnina á borgarafundi.
- Jafnræðisregla er brotin þegar fjármálafyrirtæki eru undanþegin dómismálum
- og þrígreiningu ríkisvaldsins hefur endanlega verið sturtað niður með þeirri valdniðslu sem ríkisstjórnin hefur sýnt Alþingi Íslendinga á undanförunum mánuðum.

Við Íslendingar látum ekki svipta okkur mannréttindum!
Þess vegna erum við hér í dag!

Verst af öllu finnst mér það brot á rétti Íslendinga sem felst í því að Geir og Ingibjörg útiloka það hreinlega að hér verði kosið á næstunni. Þau útiloka það að hér á Íslandi verði kosið! Hvernig dirfast þau að segja við þjóðina að kosningar séu útilokaðar þegar fólkið í landinu mætir á Austurvöll þúsundum saman í hverri viku til að mótmæla ástandinu?

Þú bannar okkur ekki að kjósa Geir Hilmar og það gerir þú ekki heldur Ingibjörg Sólrún! Ef þið hindrið það að við tjáum okkur í kjörklefunum þá munum við kjósa á annan hátt.

- Með því að flytja frá landinu,
- með því að brjóta þau landslög sem sett eru í tráss við stjórnarskrá,
- með fjöldaverkföllum,
- með mótmælum
- og með því að bera ykkur út úr þeim opinberu byggingum sem þið felið ykkur í, ef þess þarf!

Hér erum við nefnilega saman komin yfir 10.000 Íslendingar í dag til vitnis um það að við látum ekki kúga okkur!

Við skulum ekki gleyma því í eina mínútu að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn leitast fyrst og fremst við að tryggja valdamestu aðildarþjóðum hans ódýran aðgang að auðlindum þjóða sem eru í fjárhagsörðugleikum. Þar er Ísland að sjálfsögðu engin undantekning, enda eigum við fínar auðlindir.

Það að Geir Haarde eyði peningunum OKKAR í að ráða sér hernaðarsérfræðing frá Noregi til að segja sér hvernig hann geti sniðgengið fjölmiðla er ekkert annað en stríðsyfirlýsing gegn þjóðinni. En tilvist norska hermannsins segir okkur líka að Geir er hræddur, og réttilega skal hann vera hræddur svo lengi sem hann meinar okkur kosninga og heldur hlýfiskyldi yfir Davíð Oddssyni sem hefur klúðrað svo fjárhagmálum þjóðarinnar að það hlýtur að fara að jaðra við heimsmet! Og höfum það algerlega á hreinu Geir, að enginn af þeim 90% Íslendinga sem vilja Davíð burt er að „persónugera vandann“ þetta er faglegt mat byggt á mannlegum gjörðum en ekki manngerðum.

Seðlabankinn er gjalþrota stofnun sem hafnaði lánunum á góðum kjörum og gat hvorki afstýrt né aðvarað þjóðina þegar það kom að hruni bankanna.

Nú er svo komið að við látum ekki kúga okkur til meðvirkni með pólitískt ráðnum valdasjúklingi í okkar eigin Seðlabanka! Þess vegna erum við komin hér í dag!

Talandi um Sjálfstæðisflokkinn þá er þess virði að bursta rykið af kjörorði flokksins í síðustu kosningabaráttu sem var eftirfarandi, og takiði nú vel eftir: „Þegar öllu er á botninn hvolft er traust efnahagsstjórn, stærsta velferðarmálið!“. Ég endurtek: „Þegar öllu er á botninn hvolft er traust efnahagsstjórn, stærsta velferðarmálið!“.

Nú hefur öllu verið á botninn hvolft. Okkur öllum sem erum hér í dag hefur verið hvolft á botninn. Og stærsta velferðarmálið í augnablikinu er að koma þeim frá klúðruðu efnahagsstjórninni og hafa hvorki sýnt iðrun né vilja til að endurskoða þau gildi sem þeir höfðu þar að leiðarljósi.

Hvernig má það annars vera að í gróðærinu var gengdarlaus niðurskurður í gangi í þessu þjóðfélagi? Hvenær eru þá til peningar til þess að allir geti lifað mannsæmandi lífi á þessu landi? Hagræðing er orðið sem var notað til að flytja fjármuni frá þeim sem þurftu á þeim að halda og nú kalla ég eftir frekari hagræðingu. Ég vil að Geir hagræði Davíð og svo má hann hagræða sjálfum sér og ríkisstjórninni þegar hann er búinn að því.

Nú svitna ráðamenn yfir því að unga fólkið muni fara frá landinu og skilja gamla, veikbyggða og barnmarga eftir í skítum. En er það skrítið að fólk vilji fara frá landi sem stjórnað er af fólki sem ekkert kann, ekki einu sinni að skammast sín?

Við Íslendingar látum ekki kúga okkur til að skera niður þjónustu til þeirra helst sem þurfa á henni að halda! Þess vegna erum við hér í dag!

Að öllu óbreyttu má búast við því að staða kvenna og barna versni í kjölfar krepunnar eins og vaninn er í hremmingum og stríðum.

Það skal hér fullyrt að það voru ekki íslenskar konur sem komu okkur í þessi óefni, en ég trúi því hins vegar að íslenskar konur geti leikið lykilhlutverk í að koma okkur út úr þessu rugli. Það verða því konur sem stökkva til að þrifa upp skítinn eftir þetta gróðærisfylleri. En bara svo það sé á tæru munum við konur ekki láta okkur hverfa kurteislega til baka þegar hér hefur verið skapað betra samfélag.

Við íslenskar konur látum ekki kúga okkur framar! Þess vegna erum við komnar hingað í dag.

Loforð Ríkisstjórnarinnar um óháða rannsókn hafa reynst innantómar tafir þar sem EKKERT bólar á þessum rannsóknum sem tíminn vinnur svo augljóslega gegn!

Ríkisstjórnin verður að víkja og veita forseta landsins tækifæri til að mynda utanþingsstjórn skipaða sérfræðingum sem geta tekið við stjórnartaumnum. Síðan ÞARF að kjósa aftur!

Friðsamleg mótmæli henta vel á friðartímum en hér hefur verið gerð árás á grunnildi þau sem stjórnarskrá landsins ver og það jafngildir stríðsyfirlýsingu gegn fólkinu í þessu landi. Því segi ég; ríkisstjórnin fær EINA viku til þess að boða til kosninga og viðurkenna getuleysi sitt til að leiða okkur út úr þeim hörmungum sem hún hefur komið okkur. Að öðrum kosti þá fyllum við fólkið í landinu þingið, stjórnarráðið og ráðherrabústaðina og berum þá út sem ábyrgir eru! Ég tel slíka aðgerð ekki vera brot á

lögum og reglu í ljósi þeirrar aðfarar sem gerð er að réttarríkinu og lýðveldinu Íslandi um þessar mundir!

Við Íslendingar erum vissulega reið, skelkuð, sorgmætt og svikin.

En við Íslendingar erum **EKKI HJÁLPARVANA!**

Og við Íslendingar látum **EKKI SEFA OKKUR!**

Og í þetta sinn munum við Íslendingar **EKKI DOFNA OG GLEYMA!**

Góðir Íslendingar, við látum ekki **KÚGA OKKUR!**